

Aðalfundur Krabbameinsfélags höfuðborgarsvæðisins

Mánudaginn 23. mars 2026, kl. 20:00

Fundargerð

Vala Smáradóttir formaður Krabbameinsfélags höfuðborgarsvæðisins setti fundinn. Ávarpar heiðursfélaga.

Formaður minntist Ásgerðar Sverrisdóttur krabbameinslæknis og eins af okkar traustustu félögum en hún lést 13. júlí sl. Ásgerður var kjörin varamaður í stjórn Krabbameinsfélags Reykjavíkur árið 2014 en tók stuttu síðar við embætti varaformanns félagsins og gegndi því embætti allt til ársins 2024. Ásgerður sat einnig í stjórn Vísindasjóðs Krabbameinsfélagsins frá árinu 2020 og allt til dauðadags. Hennar er minnst með virðingu og þakklæti en hún lagði mikið á vogarskálarnar með þekkingu sinni og ómældri vinnu við ýmis verkefni félagsins alla sína stjórnartíð en einnig áður hún gekk í stjórn félagsins. Ásgerður var til að mynda höfundur texta í fræðsluriti Krabbameinsfélagsins „Brjóstakrabbamein – Algengasta krabbamein kvenna“ og sá um að uppfæra textann þegar þörf var á. Ásgerður hafði miklar áhyggjur af slæmri mætingu kvenna í brjóst- og leghálsskimun og lagði mikla áherslu á að félagið myndi beita sér á þeim vettvangi. Hún sat í samráðshópi um átakið „Skrepp í skimun“ sem félagið átti frumkvæði að ásamt Brjóstamiðstöð Landspítalans og Félags kvenna í atvinnulífinu. Vorið 2024 var hún kjörin heiðursfélagi í Krabbameinsfélagi höfuðborgarsvæðisins. Slíkt kjör felur í sér viðurkenningu fyrir mikilsvert framlag til félagsins og baráttunnar gegn krabbameini. Formaður sagði frá því að í minningu Ásgerðar hafi stjórn félagsins ákveðið að styrkja Vísindasjóð krabbameinslækningadeildar Landspítala um 600.000 krónur. Styrknum er ætlað að nýtast til klínískra lyfjarannsókna en klínískar lyfjarannsóknir voru mikið hugðarefni Ásgerðar.

Vala bað féлага um að rísa úr sætum í virðingarskyni við hina látnu.

Formaður kom með tillögu um fundarstjóra, Árna Einarsson, og Svanbjörgu Einarsdóttur sem fundarritara. Tillagan var samþykkt.

Fundarstjóri tók við fundarstjórn og þakkaði traustið. Hann sagði löglega hafa verið boðað til fundarins sem var auglýstur á samfélagsmiðlum og einnig sendur tölvupóstur á félagsmenn sem með skráðan tölvupóst. Samkvæmt lögum félagsins skal aðalfundur boðaður með *minnst tveggja vikna fyrirvara með tölvupósti til þeirra félagsmanna sem hafa gefið félaginu upp netfang sitt og með tilkynningu á vefsíðu og/eða samfélagssíðu félagsins*. Tilkynna skal dagskrá í fundarboði.

Fundurinn skoðaðist þannig lögmætur. Fundarstjóri bauð fundarmönnum að koma með athugasemdir en engar slíkar komu fram og var fundurinn staðfestur ályktunarfær.

Var svo gengið til dagskrár:

1. Skýrsla félagsstjórnar

Fundarstjóri gaf formanni, Völu Smáradóttur, orðið. Formaður flutti skýrslu félagsstjórnar. Vala segir frá því helsta í starfinu. Hapdrættið fagnaði 70 ára afmæli 2025 og heldur áfram að vera mikilvæg tekjulind. Áherslur hafi breyst s.s. með fækkun útsendra miða og aukningu á vefsölu. Hún minntist á áncægjulegan árangur af átakinu *Skrepp í skimun* en skimunartölur hafi hækkað umtalsvert árið 2025. Þá sagði hún frá vitundarvakningunni *Leghálsskimun – lítið mál!* og gerð og frumsýningu á fræðslumyndinni *Frá óvissu til vonar – Leghálskrabbamein á Íslandi*. Einnig tæpti hún á endurmörkun félagsins með nýju og björtu útliti. Síðast en ekki síst sagði hún frá starfslokum Guðlaugar Birnu Guðjónsdóttur sem hefur þjónað félaginu í 28 ár.

Að öðru leyti er vísað í ársskýrsluna.

Fundarstjóri bar skýrsluna undir fundargesti en engar athugasemdir komu og var skýrslan samþykkt samhljóða.

2. Endurskoðaður ársreikningur 2025 kynntur og lagður fram til samþykktar

Jón L. Árnason gjaldkeri leggur fram endurskoðaðan ársreikning félagsins fyrir árið 2025 og gerir stuttlega grein fyrir honum. Fram kemur m.a. að tekjur vegna hapdrættis hafi

hækkað um 8% en á móti kemur að styrkir, einkum sveitarfélaga, til félagsins hafi ekki verið neinir. Jón segir halla á ársreikningi aðallega til kominn vegna framkvæmdastjórskipta. Hann vekur einnig athygli á nýtilkomnum færslugjöldum vegna happdrættisgreiðslna hjá Arion banka, 13 kr. á færslu og hafi gjöldin hækkað kostnað um 3 milljónir. Þrátt fyrir ofangreint sé staða félagsins mjög góð. Jón L. staðfestir að félagskjörnir skoðunarmenn hafi staðfest í tölvupósti að þeir geri engar athugasemdir við ársreikninginn. Fundarmönnum var boðið að koma með athugasemdir og spurningar og aðspurður útskýrði Jón L. að með eigin vinningum væri vísað til vinninga sem lendi á óseldum miða.

Ársreikningur var síðan einróma samþykktur.

3. Ákveðin upphæð félagsgjalda

Tillaga stjórnar er að félagsgjald verði áfram 3.000 kr. sem þykir hóflegt gjald. Aðrar tillögur bárust ekki og tillagan því samþykkt.

4. Stjórnarkjör

Félagar sem greitt hafa sín árgjöld í Krabbameinsfélagi höfuðborgarsvæðisins hafa kosningarétt.

Stjórnin hefur verið þannig skipuð:

Formaður Vala Smáradóttir, varaformaður Magnús Gunnarsson, gjaldkeri Jón L. Árnason og ritari Helga Tryggvadóttir. Meðstjórnendur: Hafrún Dóra Júlíusdóttir, Sigrún Perla Böðvarsdóttir og Jóhanna Kristjánsdóttir. Í varastjórn hafa verið: Bára O'Brien Ragnhildardóttir, Eyrún Magnúsdóttir og Garðar Örn Þórsson.

Fyrst var kosning nýs formanns til tveggja ára. Vala núverandi formaður gaf ekki kost á sér til áframhaldandi formannssetu en hún hefur setið í stjórn Krabbameinsfélags Reykjavíkur frá 2013–2017 og Krabbameinsfélagi höfuðborgarsvæðisins frá 2020–2026 og var kjörin formaður árið 2024. Hún er jafnframt framkvæmdastjóri félagsins og tók við af Guðlaugu Birnu Guðjónsdóttur í september 2024.

Tillögur uppstillingarnefndar félagsins eru eftirfarandi:

Tillaga uppstillingarnefndar var að Jóhanna Kristjánsdóttir, hjúkrunarfræðingur og sérfræðingur í tóbaksvörnum, yrði kjörinn formaður. Jóhanna hefur setið í stjórn félagsins frá árinu 2023.

Engar aðrar tillögur voru bornar upp og var kjör formanns einróma samþykkt.

Kjósa þurfti tvo meðstjórnendur til tveggja ára og einn til eins árs þar sem Jóhanna Kristjánsdóttir var kjörin meðstjórnandi til tveggja ára á aðalfundi 2025 en var nú kjörin formaður.

Úr stjórn gengu:

Magnús Gunnarsson, Jón L. Árnason og Helga Tryggvadóttir.

Helga Tryggvadóttir gefur kost á sér áfram en hinir ekki.

Tillaga uppstillingarnefndar:

Þorgrímur Þráinsson rithöfundur, Agnes Smáradóttir krabbameinslæknir og Garðar Örn Þórsson, hjúkrunarfræðingur, sem hefur verið varamaður í stjórn til eins árs fyrir Jóhönnu Kristjánsdóttur.

Engar aðrar tillögur bárust og voru ofangreind því réttkjörin í stjórn.

Kjósa þurfti þrjá varamenn til eins árs:

Tillaga stjórnar – eftir tillögum uppstillingarnefndar:

Árni Rúnar Þorvaldsson bæjarfulltrúi í Hafnarfirði, Hrafnhildur Grímsdóttir hjúkrunarfræðingur og Ívar Kristinsson, sérfræðingur

Aðrar tillögur bárust ekki og tillagan var samþykkt samhljóða.

5. Kosning tveggja félagskjörinna skoðunarmanna ársreiknings – kosnir til eins árs og einn til vara

Tillaga stjórnar eftir tillögu uppstillingarnefndar: Jón Auðunn Jónsson og Jón L. Árnason

Til vara: Smári Þórarinnsson

Engar aðrar tillögur komu fram og tillagan því samþykkt.

6. Kosning löggilts endurskoðanda

Tillaga um að Gunnar Þorvarðarson endurskoðandi hjá Deloitte ehf. verði löggiltur endurskoðandi félagsins.

Tillagan var samþykkt.

7. Kosning í uppstillingarnefnd til eins árs

Tillaga stjórnar er :Ása Karín Hólm, Jón Auðunn Jónsson og Magnús Gunnarsson

Tillagan samþykkt.

8. Framlag í varasjóð og ráðstöfun framlaga úr varasjóði

Stjórn leggur til að varasjóður verði óbreyttur (10 milljónir kr.). Hvorki aukið framlag né ráðstafað úr sjóðnum.

Aðrar tillögur bárust ekki og tillagan samþykkt.

9. Kosnir sex fulltrúar á aðalfund Krabbameinsfélags Íslands 2026 svo og varafulltrúar

Tillaga um að það verði aðalmenn í stjórn Krabbameinsfélags höfuðborgarsvæðisins og til vara varamenn í stjórn. Stjórn óskar líka eftir umboði til breytinga ef aðstæður krefjast þess.

Aðrar tillögur komu ekki fram og var samþykkt.

10. Lagabreytingar

Engar lagabreytingar voru þetta árið

11. Önnur mál

Ályktanir bornar upp á aðalfundi Krabbameinsfélags höfuðborgarsvæðisins 23. mars 2026

Fundarstjóri kynnir fjórar ályktanir stjórnar

Ályktun nr. 1.

Ályktun vegna frumvarps til laga um nikótín og tóbaksvörur

Aðalfundur Krabbameinsfélags höfuðborgarsvæðisins haldinn 23. mars 2026, hvetur heilbrigðisráðherra til að leggja fram nýtt frumvarp á þingi um nikótín og tóbaksvörur. Drög að því frumvarpi hafi tvisvar verið birt í samráðsgátt stjórnvalda.

Krabbameinsfélag höfuðborgarsvæðisins styður frumvarpið í meginatriðum og telur það mikilvægt skref í átt að tóbaks- og nikótínlausu samfélagi. Félagið ítrekar jafnframt mikilvægi þess að þær breytingar sem félagið lagði til í umsögn sinni í ágúst 2025 verði teknar inn í endanlegt frumvarp.

Samkvæmt heilbrigðisráðuneytinu stóð til að leggja frumvarpið fram á haustþingi, en síðar var áætlað að það yrði lagt fram í febrúar 2026. Enn hefur frumvarpið ekki verið lagt fyrir þingið. Aðalfundurinn hvetur eindregið til þess að frumvarpið verði lagt fram án tafar enda afar mikilvægt í baráttunni við tóbaks- og nikótínfíkn.

Ályktun nr. 2.

Ályktun vegna frumvarps til laga um breytingu á áfengislögum, nr. 75/1998 (vefverslun með áfengi)

Aðalfundur Krabbameinsfélags höfuðborgarsvæðisins haldinn 23. mars 2026, hvetur Viðreisn til að falla frá tillögum sínum um breytingu á áfengislögum nr. 75/1998 sem heimilar vefverslun með áfengi.

Krabbameinsfélag höfuðborgarsvæðisins hefur í áratugi unnið að forvarnarmálum og leggur ríka áherslu á lýðheilsumál.

Áfengi er ekki venjuleg neysluvara heldur efni sem veldur margvíslegu heilsutjóni og skaða hjá einstaklingum, fjölskyldum og samfélaginu öllu. Fjöldi rannsókna hefur sýnt fram á skýr tengsl milli áfengisneyslu og ýmissa tegunda krabbameina. Því hefur áfengisneysla verið flokkuð sem þekktur krabbameinsvaldur hjá Alþjóðakrabbameinsrannsóknarstofnuninni (IARC).

Áfengisdrykkja getur valdið að minnsta kosti sjö mismunandi krabbameinum: í munni, vélinda, koki, barka, lifur, ristli, endaþarmi og brjóstum. Vísbendingar eru einnig um að áfengi auki líkur á fleiri tegundum krabbameina.

Frumvarpið gengur gegn stefnu Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar (WHO) sem hefur um áratugaskeið hvatt aðildarþjóðir sínar til að draga úr heildarneyslu áfengis, m.a. með því að takmarka aðgengi að áfengi, verðlagsstýringu og banna áfengisauglýsingar.

Aðalfundurinn hvetur því Viðreisn til að falla frá frumvarpinu, þar sem það myndi auka aðgengi að áfengi, stuðla að meiri neyslu og leiða til þyngri sjúkdómsbyrði með áhrifum á allt samfélagið.

Ályktun nr. 3.

Ályktun um sölu áfengis á íþróttaviðburðum

Aðalfundur Krabbameinsfélags höfuðborgarsvæðisins, haldinn 23. mars 2026, hvarmar þá ákvörðun borgarráðs Reykjavíkur í febrúar 2026 um að heimila sölu áfengis á íþróttaleikjum. Aðalfundurinn skorar á íþróttafélög um allt land að axla lýðheilsuhlutverk sitt og hafna sölu áfengis á íþróttaviðburðum.

Áfengisneysla hefur fjölþætt neikvæð áhrif á heilsu og ljóst er að draga þarf úr aðgengi og sýnileika áfengis, sérstaklega á vettvangi sem ætlaður er börnum, ungmennum og

fjölskyldum. Íþróttahreyfingin gegnir mikilvægu forvarnarhlutverki og hefur mótandi áhrif á viðhorf og hegðun ungs fólks. Með því að heimila sölu áfengis á íþróttaleikjum er stigið skref í ranga átt og grafið undan þeim jákvæðu lýðheilsusjónarmiðum sem íþróttastarf byggir á.

Krabbameinsfélag höfuðborgarsvæðisins minnir á að áfengisneysla eykur líkur á fjölmörgum tegundum krabbameina, auk annarra alvarlegra heilsufarslegra og samfélagslegra afleiðinga. Brýnt er að vernda almenning, sérstaklega börn og ungmenni, fyrir aukinni markaðssetningu, sýnileika eða aðgengi að áfengi á stöðum þar sem hreyfing og heilbrigði eiga að vera í forgrunni.

Aðalfundurinn telur að íþróttasvæði og íþróttaviðburðir eigi að vera öruggur og uppbyggilegur vettvangur heilbrigðrar samveru fyrir alla aldurshópa. Sala á áfengi samræmist ekki því markmiði. Fundurinn hvetur því íþróttafélög, sveitarfélög og aðra hagaðila til að endurmeta afstöðu sína og tryggja að íþróttastarf og íþróttaviðburðir verði áfram áfengislausir, í þágu lýðheilsu og framtíðarkynslóða.

Umræða:

Nokkur umræða skapaðist um tillöguna þar sem bent var á að salan skipti talsverðu máli fyrir tekjur íþróttafélaga og að hreyfingin reyni að gæta hófs. Ítrekað var að allar rannsóknir sýndu að áfengi væri mikill krabbameinsvaldur og að óeðlilegt væri að blanda saman íþróttum og áfengi, sérstaklega þar sem börn væru stór hluti iðkenda og einnig áhorfenda íþróttaleikja. Bent var á að hver svo sem persónuleg skoðun væri á sölu áfengis á íþróttaviðburðum þá væri það sjálfsagt mál og eðlilegt að Krabbameinsfélagið höfuðborgarsvæðisins legði fram slíka tillögu.

Ályktunin var samþykkt mótatkvæðalaust.

Ályktun nr. 4.

Ályktun um jákvæða þróun í þátttöku í krabbameinsskimunum

Aðalfundur Krabbameinsfélags höfuðborgarsvæðisins, haldinn 23. mars 2026, fagnar nýjustu tölum um aukna þátttöku í krabbameinsskimunum á Íslandi og þeirri jákvæðu þróun sem orðið hefur bæði í brjóstaskimun og leghálsskimun.

Nýjustu opinberu tölur sýna að þátttaka kvenna í skipulögðum krabbameinsskimunum hefur aukist verulega á síðustu árum. Þátttaka í brjóstaskimun fór í 65% árið 2025, samanborið við 52% árið 2022. Þátttaka í leghálsskimun jókst einnig og fór í 70% árið 2025, samanborið við 61% árið 2022.

Þessi þróun endurspeglar markvissa vinnu fjölmargra aðila, þar á meðal

Krabbameinsfélags höfuðborgarsvæðisins, Samhæfingarstöðvar krabbameinsskimana og Brjóstamiðstöðvar og þeirra sem standa að hagsmunagæslu og öflugri fræðslu. Nýjungar á borð við opna tíma, síðdegisopnun og skýrari upplýsingagjöf hafa gert þjónustuna aðgengilegri og dregið úr hindrunum.

Aðalfundur Krabbameinsfélags höfuðborgarsvæðisins fagnar því sérstaklega að aukin þátttaka leiði til fækkunar meina, betri tækifæra til snemmgreiningar, sem hefur áhrif á batahorfur og dregur úr dánartíðni vegna brjóstakrabbameins og leghálsskrabbameins. Jafnframt hvetur fundurinn alla hagaðila til að halda áfram uppbyggjandi starfi, með sérstaka áherslu á að ná til hópa sem hafa hingað til síður mætt í skimun, þar á meðal konur af erlendum uppruna og yngri aldurshópar. Enn fremur er mikilvægt að tryggja gott aðgengi, skýra fræðslu og stöðuga gæðaþróun skimunarþjónustu um allt land.

Umræða:

Umræða og spurningar kviknuðu um hvernig aðgengi og hvatning til þátttöku náði til jaðarsettra kvenna. Þá kom fram að áttak hafi verið gert um aðgengi fatlaðra kvenna á skimunarstöðum. Ályktunin er samþykkt einróma.

Kjör heiðursfélaga Krabbameins höfuðborgarsvæðisins.

5.5. *Stjórnin* getur kosið heiðursfélagi. Kjör sem heiðursfélagi felur í sér viðurkenningu fyrir mikilsvert framlag til félagsins eða baráttu gegn krabbameini. Heiðursfélagar hafa sömu réttindi og skyldur og aðrir félagsmenn en eru undanþegnir greiðslu *félagsgjalda*.

Tillögur stjórnar um heiðursfélaga:

- Arnar Hauksson kvensjúkdómalæknir. Hann var í stjórn Krabbameinsfélags Reykjavíkur frá 2008–2018 og stjórn Krabbameinsfélags höfuðborgarsvæðisins frá 2018–2025.
- Agnes Smáradóttir krabbameinslæknir sat í stjórn félagsins frá 2007–2014, hún var varaformaður frá 2009–2013 og formaður félagsins frá 2013–2014.
- Guðlaug Birna Guðjónsdóttir. Hana þarf vart að kynna en hún starfaði sem framkvæmdastjóri félagsins frá 1997 og til ársins 2024. Þá starfaði hún sem sérfræðingur félagsins í eitt ár eða þar til hún lét af störfum í lok nóvember 2025. Enn sinnir Guðlaug ákveðnum verkefnum fyrir félagið.

Orðið var gefið laust. Agnes Smáradóttir nýkjörinn heiðursfélagi og stjórnarmaður bað um orðið. Hún sagðist hafa mikinn áhuga á félaginu. Það sé mikið að gerast í krabbameinslækningum og einnig í fræðslumálum. Hún sé afar þakklát fyrir starf félagsins og þann heiður sem henni sé sýndur.

EKKI voru fleiri mál til umræðu. Formaður sleit fundi og þakkaði fundarstjóra og fundarritara.

Veitingar voru bornar á borð og heiðursfélögum og fleirum færð blóm.

Erindi

Að loknum aðalfundarstörfum flutti Helena Bragadóttir geðhjúkrunarfræðingur og núvitundarleiddbeinandi erindið *Núvitund og húmor í lífi og starfi: Þjargráð við erfiðum aðstæðum*. Var gerður góður rómur að erindinu.

Fundarritari: Svanbjörg H. Einarsdóttir

